



Rituvarpíð í Hvítbjarnarey á sunnanverðum Breiðafirði er eitt þeirra sem vaktað er af Náttúrustofu Vesturlands og samstarfsaðilum. Ljós. Róbert A. Stefánsson

Vöktun náttúruverndarsvæða á Vesturlandi 2025

Höfundar: Róbert A. Stefánsson, Jakob J. Stakowski, Ísak Ólafsson og Menja von Schmalensee

Ljósmyndir: Róbert A. Stefánsson og Ísak Ólafsson

Kort: Jakob J. Stakowski

Desember 2025




Náttúrustofa Vesturlands

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ábúð refagrenja í Snæfellsjökulspjóðgarði	4
Mófuglar á Snæfellsnesi.....	5
Bjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði	6
Vatnafuglar á Mýrum	8
Fuglalíf í Andakíl.....	9
Vaðfuglar á fartíma	10
Varpútbreiðsla og þéttleiki kríu	11
Strandfuglar utan varptíma.....	13
Blesgæsir við Faxaflóa.....	13
Gróðurvöktun.....	16
Áningarstaðir ferðamanna	17
Að lokum	20

Inngangur

Sumarið 2025 var sjötta sumar vettvangsvinnu í verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Náttúrustofa Vesturlands tók að sér 11 skilgreind verkefni (1. mynd). Hér verður fjallað stuttlega um hvert og eitt þeirra, þar á meðal tilgang, helstu aðferðir og hvernig framkvæmd þeirra gekk. Niðurstöður eru varðveittar í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar en úrvinnsla þeirra er mislangt á veg komin og stundum ekki hafin.



1. mynd. Athugunarstaðir Náttúrustofu Vesturlands í verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða* árið 2025.

Ábúð refagrenja í Snæfellsjökulspjóðgarði

Tilgangur


Að kanna fjölda og staðsetningu refagrenja í ábúð í Snæfellsjökulspjóðgarði. Svæðið er m.a. notað til samanburðar við þróun heildarstofnstærðar refastofnsins á Íslandi og ábúðarhlutfalls refagrenja í friðlandinu á Hornströndum.

Framkvæmd

Þekkt refagreni í Snæfellsjökulspjóðgarði (2. mynd) voru heimsótt á þremur dögum, 30. júní og 1. og 2. júlí. Lagt var mat á það hvort þau væru í notkun (ábúð), auk þess sem ummerki og fæðuleifar voru skráð. Einnig voru skráðir þeir refir sem sáust. Verkefnið og niðurstöður þess frá 2020-2025 byggja ofan á gagnasafn Náttúrustofu Vesturlands um ábúð refagrenja í þjóðgarðinum, sem nær aftur til ársins 1989, þar af upplýsingar frá veiðimönnum 1989-2000.

Þekkt greni í þjóðgarðinum eru um 30 talsins og hefur þeim fjölgað smám saman með árunum. Þessi tala gefur þó í raun ekki rétta mynd af heildarfjölda grenja, því hver staður getur samanstaðið af nokkrum grenjum sem dreifð eru um takmarkað svæði. Stundum eru grenjastaðirnir með nokkurra metra millibili en í öðrum tilfellum geta verið hundruð metra á milli. Einn grenjastaður samanstendur t.d. af allt að 11 mismunandi grenjum sem dreifast um allstórt svæði. Í nokkrum tilfellum hefur orðið hefð að tala um „aukagreni“, þegar þau liggja nokkuð frá aðalgreninu. Frá því að Náttúrustofan byrjaði að heimsækja grenin reglulega árið 2001 hefur fjöldi grenja í ábúð sveiflast frá 1 upp í 6 en svæðið er þess eðlis að líklega eru mörg greni óuppgötvuð. Árið 2020 voru grenjaskrá og myndir af hverju greni settar í myndagrunn verkefnisins og á hverju ári er bætt við myndum, m.a. af nýjum og virkum grenjum. Sumarið 2020 var eitt greni í ábúð en ári síðar voru þau þrjú, sem er nálægt meðaltali síðustu tveggja áratuga. Árið 2022 voru aftur á móti fimm greni í ábúð. Sumarið 2023 voru sex greni í ábúð, sem er mesti skráði fjöldinn á því tímabili sem upplýsingar eru til um (frá 1989). Árin 2024 og 2025 voru fjögur þekkt greini í ábúð. Mikilvægt er að halda áfram að vakta ábúð refagrenja í Snæfellsjökulspjóðgarði, bæði til að hafa metil á sveiflur í fjölda refa í þjóðgarðinum og til að nota sem viðmið við rannsóknir á Hornströndum.

Öll þekkt refagreni í Snæfellsjökulspjóðgarði voru heimsótt eins og verkáætlun gerði ráð fyrir en með auknum fjölda þekkra grenja hefur tími í vettvangsvinnu aukist umfram það sem gert var ráð fyrir í verkáætlun.



2. mynd. Staðsetning þekkra refagrenja í Snæfellsjökulspjóðgarði.

Mófuglar á Snæfellsnesi

Tilgangur

Að vakta tegundasamsetningu og þéttleika mófugla, einkum vaðfugla og nokkurra spörfugla, á Snæfellsnesi.


Framkvæmd

Tegundasamsetning og þéttleiki mófugla var metinn á sex sniðum á láglandi, samtals 95 talningarpunktum, frá 10.-13. júní 2025. Tvö sniðanna voru í Snæfellsjökulsþjóðgarði, tvö á norðanverðu Snæfellsnesi (jaðar verndarsvæðis Breiðafjarðar) og tvö á því sunnanverðu (Mýrar-Löngufjörur) (3. mynd). Öll hafa þessi snið verið talin áður en þó misoft. Notast var við aðferðafræði Natura Ísland verkefnisins, sem hófst árið 2012. Athuganir fóru fram að morgni (kl. 6-9) eða síðdegis (kl. 16-19) en á þeim tímum eru mófuglar almennt virkastir. Aðferðinni er lýst í skýrslunni *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*.¹ Þar segir m.a. á bls. 17:

„Notaðar voru svokallaðar punktmælingar til að meta þéttleika fugla út frá Distance-aðferðinni (Buckland o.fl. 2001). Í punktmælingu skráir athugandi alla fugla sem hann verður var við á 5 mínútum á tilteknum stað. Athugandi greinir tegundina, ákvarðar út frá atferli hvort viðkomandi einstaklingur er varpfugl eða ekki og metur fjarlægð í fuglinn. Allt þetta er skráð á sérstök eyðublað.“

Til viðbótar við aðferðina sem þá var beitt, var fjarlægðarmælir notaður til að mæla fjarlægð í þá fugla sem sáust en jafnframt skráðir allir fuglar sem aðeins heyrðist í.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun.



3. mynd. Mófuglar voru taldir á sex sniðum á Snæfellsnesi. Hvert snið innihélt 16 talningarstaði með 300 metra millibili.

¹ Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson & Svenja N.V. Auhage (2016). Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands 55, 295 bls.


Bjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði

Tilgangur

Að vakta breytingar á fjölda og varpárangri bjargfugla á Snæfellsnesi og Breiðafirði á milli ára. Verkefnið er hluti af vöktun bjargfugla á landsvísu, sem stýrt er af Náttúrustofu Norðausturlands.

Framkvæmd

Bjargfuglar voru ljósmyndaðir og taldir á sniðum á Snæfellsnesi við Arnarstapa, í Þúfubjargi (5. mynd), Saxhólsbjargi og Vallnabjargi og á sunnanverðum Breiðafirði í Hvítabjarnarey, Þórishólma og Elliðaey (4.-6. mynd). Staðirnir voru heimsóttir tvisvar yfir sumarið, fyrst 26.-28. júní til að meta varpstofninn og svo 21. og 23. júlí til að meta varpárangur. Nánari lýsingu á aðferðum má finna í skýrslum um bjargfuglavöktun á landsvísu.² Til viðbótar þeirri aðferðalýsingu er notast við dróna til ljósmyndunar á nokkrum sniðum á Snæfellsnesi til að draga úr hættu fyrir starfsfólk. Þetta er gert með leyfi þjóðgarðsvarðar/Náttúruverndarstofnunar.



4. mynd. Bjargfuglar eru vaktaðir á Snæfellsnesi og í Breiðafjarðareyjum.

Gögn (ljósmyndir, talningar og aðrar athuganir á staðnum) voru send til Náttúrustofu Norðausturlands, þar sem talið er af myndum og gögnin nýtt í mat á stofnbreytingum og varpárangri bjargfugla á landsvísu, sem birt er reglulega. Eftir langvarandi erfitt tímabil hjá sjófuglum frá 2003-2017 hefur þeim almennt gengið betur allra síðustu ár, þótt tegunda- og svæðamunur sé nokkur.² Mikilvægt er að vakta

² Yann Kolbeinnsson, Snæþór Aðalsteinsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Brynjúlfur Brynjólfsson, Cristian Gallo, Hálfván Helgi Helgason, Jón Einar Jónsson, Rodrigo A. Martínez Catalán, Róbert Arnar Stefánsson og Sindri Gíslason (2023). Vöktun bjargfuglastofna á Íslandi 2020 – 2022. Náttúrustofa Norðausturlands. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisstofnun, NNA-2304.

vörpin árlega, eins og kom bersýnilega í ljós sumarið 2023 þegar mikill meirihluti varps misfórst vegna ofsaveðurs á fyrri hluta varptímans. Vegna niðurskurðar í bjargflugaverkefninu á landsvísu hefur ekki verið talið af myndum úr Breiðafjarðareyjum en Náttúrustofa Vesturlands vann að því á seinni hluta ársins. Gert er ráð fyrir að gera þau gögn aðgengileg á árinu 2026.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun.



5. mynd. Talningarsnið í rituvarpi í Vallnabjargi við Breiðafjörð þann 29. júní 2024. Ljós. Róbert A. Stefánsson.



6. mynd. Þúfubjarg í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli er eitt þeirra varpa sem heimsótt er í vöktun bjargfugla (hér 29. júní 2024). Ritur eru áberandi í bjarginu en svartfuglar verpa þar líka. Ljós. Róbert A. Stefánsson.

Vatnafuglar á Mýrum


Tilgangur

Að vakta breytingar á fuglalífi á aðgengilegum búsvæðum vatnafugla á Mýrum.

Framkvæmd

Vatnafuglar voru taldir á aðgengilegum vötnum á Mýrum (7. mynd), sem eru hluti af svæðinu Mýrar-Löngufjörur. Talið var tvisvar sinnum sumarið 2025, þ.e.a.s. 2. júní til að meta fjölda varpfugla og 29. júlí með það aðalmarkmið að telja fjölskyldur og unga, þótt allir vatnafuglar væru skráðir.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun að öðru leyti en því að feltdagar voru lengri en verkáætlun gerir ráð fyrir og vegna fjölda athugunarstaða er innsláttur gagna mun tímafrekari en gert var ráð fyrir.



7. mynd. Staðsetningar athugunarstaða vatnafuglatalningar á Mýrum sumarið 2025. Einnig eru sýndir talningarstaðir á Hítarnesi og við Kolviðarnesvatn, þar sem talið var sömu daga, sem og talningarstaðir fuglatalninga á leirum Ramsarsvæðisins í Andakíl.

Fuglalíf í Andakíl

Tilgangur

Að skrá fuglalíf og vakta breytingar á því á leirum Ramsarsvæðisins í Andakíl.

Framkvæmd

Sumarið 2025 voru fuglar taldir fjórum sinnum á leirum Ramsarsvæðisins í Andakíl (8. mynd), þ.e. 3. og 14. maí, 28. júlí og 25. ágúst. Talningar fóru fram eftir svæðaskiptingu og aðferðafræði Stroud & Tierney³ líkt og sumurin 2021-2024. Niðurstöðurnar má bera saman við talningar þeirra, sem og Svenju Auhage hjá Náttúrufræðistofnun á Ramsarsvæðinu í Grunnafirði.

Líkt og fyrri ár var mikið fuglalíf á leirum Andakíls, enda leita þangað þúsundir vaðfugla til fæðuleitar. Að auki er svæðið við helsta varpsvæði stækkandi stofns brandandar en talningin gefur að líkindum vísbendingu um þróun stofnstærðar brandanda á svæðinu. Í talningunni í septemberbyrjun 2025 sást stór urtandarhópur líkt og fyrri ár á þeim árstíma.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun.



8. mynd. Ramsarsvæðið í Andakíl og á Hvanneyri inniheldur mikilvæg búsvæði blesgæsar, brandandar, ýmissa vaðfugla og annarra tegunda sem m.a. nýta leirur og flæðiengjar svæðisins. Hér er horft yfir víðáttumiklar leirur norðan og vestan Hvanneyrar, sem er vinstra megin við miðja mynd, og í Kistufirði við ós Andakílsár undir Brekkufjalli, hægra megin á myndinni, 20. maí 2024. Ljósm. með dróna: Róbert A. Stefánsson.

³ Stroud, R. & Tierney, N. (2017). Survey Handbook: Andakíl. Ramsar Bird Monitoring Programme. Landbúnaðarháskóli Íslands: https://andakillbirdmonitoring2017.files.wordpress.com/2017/12/andakillramsar_surveyhandbook_v11.pdf.

Vaðfuglar á fartíma

Tilgangur

Að fá upplýsingar um fartíma og sveiflur í fjölda vaðfugla sem nýta leirur við sunnanverðan Breiðafjörð á fartíma að vori. Áhersla er á að fá upplýsingar um fargestina rauðbrysting, tildru og sanderlu.


Framkvæmd

Allir fuglar sem sáust á fjöru og grunnsævi voru taldir frá völdum stöðum í Helgafellssveit á norðanverðu Snæfellsnesi (9. mynd) frá apríllokum til loka maímánaðar 2025 með sömu aðferðum og næstu tvö ár á undan. Talið var á fjórum nokkuð víðfeðmum fjörum og var talningin stillt þannig af að hægt væri að nýta seinkun sjávarfalla austan við Þórsnes í samanburði við svæði vestan við það. Við val talningarstaða var einnig lögð áhersla á að nota sem minnstan tíma í ferðir á milli staða til að nýta hverja fjöru sem best.

Talningar fóru fram í kringum háfjöru dagana 30. apríl, og 2., 7., 11., 13., 15., 18., 20., 22., 26. og 28. maí 2025 og voru þannig 11 talsins, þ.e. einni fleiri en gert var ráð fyrir í verkáætlun. Sæta þarf sjávarföllum og veðri, sem getur verið alls konar í maí, þannig að stundum þurfti að fresta talningum. Vegna þess og nokkurra lögbundinna frídaga í maí, þá var ekki hjá því komist að telja stundum á frídögum og utan hefðbundins skrifstofutíma líkt og fyrri ár.

Verkefnið var nú framkvæmt í fjórða sinn og gekk vel. Þessi aðferð nær að líkindum ágætlega utan um vorsveiflu í fjölda rauðbrystings og margæsa, og að einhverju leyti tildru, sanderlu og annarra vaðfugla. Í seinni hluta maí dvaldi stór hópur sanderla innanlega í Álftafirði og sáust sanderlur á sama svæði fram til loka mánaðarins. Það svæði er utan rannsóknasvæðis þessa verkefnis en vorið 2025 var engu að síður fylgst með þessum hópi og hann talinn reglulega. Mögulega þarf að endurmeta skilgreiningu rannsóknarsvæðisins í ljósi þessa.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun, nema hvað vettvangsvinna var að talsverðu leyti unnin utan hefðbundins vinnutíma.



9. mynd. Talningarstaðir (gulir punktar) við innanverðan Hofsstaðavog og Vigráfjörð (efst til vinstri), sem og neðan við bæinn Svelgsá og á Krákunestá (lengst til hægri) við utanverðan Álftafjörð.

Varpútbreiðsla og þéttleiki kríu

Tilgangur

Að mæla útbreiðslu og fjölda kríuhreiðra í stóru kríuvarpi á utanverðu Snæfellsnesi.

Framkvæmd

Þetta var fjórða ár kríurannsóknna í *Vöktun náttúruverndarsvæða* en árið 2022 var stóra kríuvarpið við Rif og Hellissand metið á áreiðanlegan hátt í fyrsta sinn. Matið var endurtekið 2023, 2024 og með heimsóknum rétt fyrir klak í seinni hluta júní 2025 (16., 19. og 20. júní – 10. og 11. mynd). Í ljósi reynslunnar fyrstu tvö árin var aðferðafræðinni breytt lítillega fyrir athuganir 2024 og þeirri aðferð haldið óbreyttri 2025. Í stað þess að kortleggja útlínur varpsins í upphafi og heimsækja svo tilviljanakenndar staðsetningar innan varpsvæðisins var lagt net punkta með um 65 m millibili yfir allt svæðið. Þetta er tímafrekari aðferð en með henni tókst að fá nákvæmari mynd af útlínum varpsins og varpþéttleiki var metinn á fleiri punktum en áður. Samtals fengust nú mælingar á þéttleika hreiðra á 106 stöðum í samanburði við 69 (2022), 81 (2023) og 108 (2024) staðsetningar fyrstu þrjú árin. Á hverjum þessara staða var fjöldi kríuhreiðra talinn innan 6 metra hringmáls (hver talningarpunktur 113 m²). Skópvengsaðferð (e. *bootstrap*) með 1.000 endurtekningum er svo notuð til þess að reikna 95% öryggismörk á matið. Forritið QGIS hefur verið nýtt til að gera kort af rannsóknarsvæðinu og reikna flatarmál varpsins.



10. mynd. Við athuganir á kríuvörpum er mikilvægt að hafa mjúkt höfuðfat til að verjast loftárásum. Rif, 24. júní 2024. Ljós. Róbert A. Stefánsson.

Ekki hefur verið unnið úr niðurstöðum árána 2024-2025, enda er það ekki hluti af verklýsingu. Aftur á móti birtist á síðasta ári grein um verkefnið í Fuglum, félagsriti Fuglaverndar. Þar birtust niðurstöður stofnstærðarmælingar 2022-2023, ásamt umfjöllun um kríur á Snæfellsnesi. Greinina má lesa á heimasíðu Náttúrustofunnar: https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Kriur_a_Snaefellsnesi-Fuglar_14.pdf.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun að öðru leyti en því að felttími lengdist nokkuð með breyttri framkvæmd 2024-2025.



11. mynd. Nokkur hreiður sem athugendur rákust á við mat á stærð kríuvarpsins við Rif og Hellissand sumarið 2025. Ljósmynd. Róbert A. Stefánsson.

Strandfuglar utan varptíma

Tilgangur

Að fá stofnviðbót og aldurs- og kynjahlutföll fyrir straumönd (12. mynd), sem og aldurshlutföll fyrir dílaskarfa og toppskarfa.

Framkvæmd

Verkefnið er viðbót og til stuðnings við niðurstöður úr vetrarfuglatalningum, vöktun skarfa og vöktun Mývatns og Laxár (straumönd) og má bera niðurstöður saman við eldri straumandalningar að vetrarlagi.⁴ Stefnt er á talningar tvisvar sinnum á ári, annars vegar í september/október og hins vegar í febrúar samhliða talningum Náttúrufræðistofnunar á skörfum. Fjármagn hefur þó hamlað því að hægt sé að telja að hausti en líkt og 2023-2024 var nú einungis talið í febrúar. Þetta var þriðja ár þessa verkefnis og fóru talningar fram við norðanvert Snæfellsnes 26. febrúar 2025 (13. mynd). Samtals sáust nú 169 straumendur sem er fækkun frá síðustu árum og einnig miðað við eldri talningar á árunum 1999-2001⁴.




12. mynd. Þrír fullorðnir og þrír árgamlir straumandarsteggir sýna kollu áhuga á Snæfellsnesi þann 10. júní 2024. Ljósmynd. Róbert A. Stefánsson.

73 dílaskarfar og 44 toppskarfar voru aldursgreindir í talningunni, sem er mun minna en í fyrra. Það gæti skýrst af atferli skarfanna, sem færa sig nær vörpunum um mánaðamótin febrúar-mars. Tíðarfar var gott og því mögulegt að þeir hafi flutt sig fyrir að varpstöðvum.

Framkvæmdin var í samræmi við verkáætlun.

⁴ Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson (2003). Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagi. Bliki, 5-20.



13. mynd. Talningarstaðir straumanda, dílaskarfa og toppskarfa við norðanvert Snæfellsnes 2025.

Blesgæsir við Faxaflóa

Tilgangur

Að vakta fjölda og aldurshlutföll blesgæsa (12. mynd) á helstu viðkomustöðum í Borgarfirði og á Mýrum.


Framkvæmd

Verkefnið var unnið í samvinnu Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrufræðistofnunar. Blesgæsir voru taldar á viðkomustöðum í Borgarfirði, á Mýrum og inn af Löngufjörum. Þar af eru mikilvægustu svæðin innan friðlands í Andakíl og á B-hlutasvæðinu Mýrar-Löngufjörur. Talið var fjórum sinnum að vori og fjórum sinnum að hausti; á þeim tíma sem reynslan hefur sýnt að flestar blesgæsir séu á svæðinu. Í hausttalinngu var tilgreindur aldur fullorðinna og unga þar sem aðstæður leyfðu. Vortalningar Náttúrustofu Vesturlands fóru fram dagana 29. apríl og 4. maí en Náttúrufræðistofnun sá um hinar tvær talningarnar. Náttúrustofan tók að sér allar hausttalinngarnar, sem fóru fram dagana 23. og 27. september og 1. og 5. október.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun nema hvað Náttúrustofa Vesturlands sá um allan innslátt gagna í gagnagrunn og gerði allar fjórar hausttalinngarnar í stað tveggja.



14. mynd. Blesgæsir og álftir á ræktarlandi í Borgarfirði, 26. sept. 2024. Ljós. Róbert A. Stefánsson.



15. mynd. Talningarstaðir blesgæsa vor og haust 2025.

Gróðurvöktun

Tilgangur

Að vakta og skrá langtímabreytingar á gróðurfari valdra vistgerða á náttúruverndarsvæðum.

Framkvæmd

Fimm gróðursnið við Faxaflóa, sem lögð voru út fyrir rúmum áratug vegna Natura Ísland verkefnisins, voru endurmæld sumarið 2025. Þau voru að þessu sinni öll í vistgerðinni brokflóavist og á B-hlutasvæðinu Mýrar-Löngufjörur (1. tafla). Fylgt var aðferðafræði sem Náttúrufræðistofnun mótaði í kringum vistgerðaflokkun lands á Íslandi.⁵ Hún gengur í stuttu máli út á að greina og mæla gróður á sniðum, taka staðlaðar ljósmyndir og safna jarðvegssýnum. Hvert snið er 40 metra langt og 10 metra breitt. Gróðurmælingarnar fóru fram dagana 7., 11. og 12. ágúst (16. mynd).

Jarðvegssýnum var komið til Náttúrufræðistofnunar.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun.

1. tafla. Gróðursnið sem mæld voru af Náttúrustofu Vesturlands sumarið 2025.

Heiti sniðs	Vistgerð	Svæði	Staður
MY-31-03	Brokflóavist	Mýrar-Löngufjörur	Rauðanes
MY-05-03b	Brokflóavist	Mýrar-Löngufjörur	Hólsvatn
MY-69-04	Brokflóavist	Mýrar-Löngufjörur	Álftá
MY-37-01	Brokflóavist	Mýrar-Löngufjörur	Hrossastapar
SN-40-01	Brokflóavist	Mýrar-Löngufjörur	Melur/Stakkhamar



16. mynd. Björn Hjaltason og Ísak Ólafsson skrá gróður í brokflóavist á Rauðanesi á B-hlutasvæðinu Mýrum-Löngufjörum, 7. ágúst 2025. Ljós. Róbert A. Stefánsson.

⁵ Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.

Áningarstaðir ferðamanna

Tilgangur

Að afla grunnupplýsinga um ástand og álag á nokkrum áningarstöðum ferðamanna á Vesturlandi.

Framkvæmd

Tveir vinsælir áningarstaðir ferðamanna voru heimsóttir þann 18. ágúst 2025, þ.e.a.s. Súgandisey í Stykkishólmi og Helgafell í Helgafellssveit. Sömu staðir voru einnig heimsóttir sumarið 2021. Á hvoru svæði voru teknar ljósmyndir með dróna; annars vegar yfirlitsmyndir en hins vegar kortlagningarmyndir. Á jörðu niðri var gengið um svæðið og ljósmyndir teknar á stöðum sem valdir voru sumarið 2021 og þóttu geta gefið góða vísbendingu um ástand svæðisins og breytingar á því, t.d. álag vegna traðks. Ljósmyndir frá 2025 má bera saman við myndir sem teknar voru á svæðunum sumarið 2021.

Súgandisey: Eyja við Stykkishólmshöfn, sem tengd var meginlandinu með hafnarframkvæmdum á 9. áratug 20. aldar (17. mynd). Ferjubryggja Baldurs vegna siglinga yfir Breiðafjörð er við eyjuna og er mikill straumur ferðamanna að vitanum sem stendur á toppi eyjarinnar og eftir göngustígum sem liggja um eyjuna. Stykkishólmsbær hefur lagt göngustíga og byggt upp áningarstaði á eyjunni. Eyjan er að mestu leyti girt hömrum, þar á meðal fallegu stuðlabergi. Áberandi munur er á tegundasamsetningu fléttna eftir því í hvaða átt klettarnir snúa. Þetta er mest áberandi á suðausturhorni eyjarinnar. Eyjan er vel gróin graslendi að ofan og hefur loðvíðir aukið útbreiðslu sína á síðustu árum. Í Súgandisey verpa reglulega þúfutittlingar og maríuerlur og í klettunum stöku sinnum hrafnar (síðast árið 2020). Einnig eru þar líklega einhver teistuhreiður, þótt það hafi ekki verið kannað nýlega. Deiliskipulag eyjarinnar er frá árinu 2022: <https://www.stykkisholmur.is/static/files/Gamli/Skrar/d1290-Súgandisey-A1-1000-20220301.pdf>.

Eyjan ber þess merki að þar er mikið um gangandi ferðamenn. Þetta er skýrast á toppum eyjunnar þar sem jarðvegur er þunnur og fólk styttir sér leið á milli göngustíga (9. mynd). Fremur litlar breytingar virðast hafa orðið á milli árána 2021 og 2025.

Ljósmyndir (298 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 60 metrar yfir brottfararstað uppi á vestanverðri eyjunni.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Súgandisey má sjá hér: <https://map.is/base/@324964,514116,z11,0>.



17. mynd. Súgandisey við Stykkishólm séð úr norðvestri og suðaustri. Ljós. með dróna: Ísák Ólafsson, 18. ágúst 2025.



18. mynd. Við vitann á toppi Súgandiseyjar. Þarna sér talsvert á gróðri vegna traðks utan stíga. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 18. ágúst 2025.

Helgafell: Lágt fell sem stendur við samnefndan bæ, Helgafellskirkju og Helgafellsvatn. Sögufrægt býli og vinsæll útsýnisstaður. Sú saga fylgir göngu upp á fellið að í fyrsta sinn sem gengið er á það, þá fái maður þrjár óeigingjarnar óskir uppfylltar ef maður gengur frá leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur upp á topp fellsins og horfir í austur á meðan óskirnar eru bornar upp. Áður lá gönguleiðin frá kirkjunni en hún hefur verið færð að austuröxl fellsins, til að losna við umferð ferðamanna um hlað bæjarins (19. mynd). Gróðurfar fellsins einkennist af lymgmóagróðri og ber merki um talsverða sauðfjárbreit. Gróðurþekja minnkar þegar ofar dregur og er nær horfin á toppi fellsins eftir traðk undanfarinna ára og að líkindum beitar- og vindálag þar á undan (20. mynd). Umferð fer um afmarkaðan göngustíg á leiðinni upp en engin stýring er uppi á fellinu, þannig að allt svæðið er troðið. Æskilegt væri að afmarka svæði fyrir gangandi umferð og mögulega græða upp svæði þar sem gróður hefur eyðst. Sumarið 2025 var gott og sást á samanburði mynda að gróðurhæð var hærri en árið 2021. Gróðurþekja var þó að líkindum svipuð bæði árin.

Ljósmyndir (392 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 60 metrar yfir brottfararstað uppi á Helgafelli.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Helgafelli má sjá hér: <https://map.is/base/@324530,509890,z10,0>.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við verkáætlun.



19. mynd. Helgafell í Helgafellssveit. Ferðamenn ganga upp á fellið eftir stíg frá bílastæðinu neðst á myndinni. Stígur er vel sýnilegur á meðan hann liggur í gróðri en hverfur þegar komið er upp á fellið, þaðan sem gróður er að mestu horfinn. Ljósmynd dróna: Ísak Ólafsson, 15. ágúst 2025.



20. mynd. Horft í vestur af toppi Helgafells. Engin gönguleið er afmörkuð þegar komið er upp á hæsta hluta fellsins og er gróðurhulan nær alveg horfin á því svæði, a.m.k. að hluta vegna ágangs ferðamanna. Ljósmynd. Róbert A. Stefánsson, 18. ágúst 2025.

Að lokum

Framkvæmd verkefna gekk almennt vel 2025 og var þeirra gagna aflað sem gert var ráð fyrir í verkáætlun. Í nokkrum tilfellum var vinna við verkefnið meiri en gert var ráð fyrir. Gögnum var skilað í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar.

Auk skýrsluhöfunda, tóku eftirfarandi þátt í framkvæmd framangreindra verkefna á árinu:

- Aron A. Þorvarðarson
- Björn Hjaltason
- Guðmundur A. Guðmundsson
- Kristín Grétarsdóttir

Er þeim þakkað kærlega fyrir það.



21. mynd. Talning fugla á leirum í Vigrafirði á norðanverðu Snæfellsnesi 20. maí 2025. Leirur eru m.a. mikilvæg búsvæði fyrir vað- og andfugla.⁶ Ljós. Róbert A. Stefánsson.

⁶ Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Tómas G. Gunnarsson (2024). *Leirur – ekki bara fuglaparadis*. Fuglar 14: 84-88. https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Leirur-Fuglar_14.pdf